

Hollvinasamtök Waldorfleikskólans Yls og Waldorfskólans Lækjarbotnum.

vinirwaldorf@gmail.com / www.vinirwaldorf.is


Kæru vinir,

25. nóvember 2015 voru Hollvinasamtök Waldorfskólanna í Lækjarbotnum formlega stofnuð. Starfssemin í Lækjarbotnum á 25 ára afmæli á þessu starfssári og ýmsir hafa í gegnum tíðina komið að starfseminni með einum eða öðrum hætti. Sú ósk hefur lengi legið í loftinu að hægt væri að styðja við starfsemina og við höfum nú loks félagasamtök sem vilja styrkja starfið í Lækjarbotnum með ýmsum hætti. Hverjum og einum félagsmanni er gert kleift að leggja sitt af mörkum eins og hann hefur vilja og getu til. Hér kemur nú fyrsta fréttabréfið okkar en það er ætlað öllum, stórum og smáum. Hægt verður að nálgast eintak á heimasíðunni en ráðgert er að næsta blað komi út á haustönn 2016.

Hugur okkar, hjarta og hönd fylgir starfinu fyrir hollvinasamtökin okkar og starfsemina í Lækjarbotnum. Við berum þá von í hjarta að þau verði að öflugum styrk fyrir starfsemina og að þeir sem ekki eru í Lækjarbotnum dags daglega fái betri innsýn og innlit í það frábæra starf sem þarna fer fram. Við hvetjum ykkur eindregið að fylgjast með okkur á facebook og heimasíðunni en ýmislegt er í deiglu sem allir ættu að geta notið.

Með kærri kveðju,

Sigga, Þóra, Dagný, Bettý, Salbjörg, Hákon og Helga



Frú Snjáka og lata stúlkan

Þetta er töflumynd 1. Bekkjar frá því í desember. Hér er frú Snjáka að hrista smávegis, sængurfötin sín yfir dalnum og fjaðrirnar breyttast í snjókorn.



Starfsemi Lækjarbotna

Eitt og annað frá Waldorfskólanum Lækjarbotnum

Í upphafi skólarársins, að lokinni skólasetningu var að venju gróðursettur fjöldi birkitrjáa. Á 25 árum hefur landslagið breyst stórkostlega með stöðugri fjölgun plantna og allir njóta nú góðs af þessara breytingu.

Drekaleikur

Á haustönninni var drekaleikurinn svokallaði en þá breytast nemendur og starfsfólk í þorpsbúa, riddara, engla og dreka. Farið var daglega í heila viku í Drekaadal, óháð veðri og vindátt og alla vikuna vann hver bekkur að sínu húsi í þorpinu. Þar var kveiktur eldur sem halda þurfti lífi í, bökuð brauð á hlóðum, tálgaðir nytjahlutir og ýmislegt annað var haft fyrir stafni. Leitað var að drekagullinu og barist fyrir hinu góða með samhug og hugrekki að leiðarljósi. Á síðasta degi lögðust svo allir, foreldrar einnig, á eitt við að ráða niðurlögum drekaveldisins með því að slá hring í kringum drekana og síðan var sungið þar til þeir umbreyttust í, manneskjur. Þá var haldin vegleg hátíð þar sem uppskeru haustsins var fagnað.

Aðventugarðurur

Aðventugarðururinn markar upphaf jólahátíðarinnar hjá mörgum. Þá ganga börnin í fylgd engils, með kertið sitt fest í epli, inn í spirallinn. Þegar inn að miðju er komið þá er kveikt á kertinu sem fær svo sinn sess í spiralnum. Að vanda var þetta mjög hátíðleg og falleg stund í skammdeginu, við undirspil lýrunnar og stemningin gaf góðan hljómgrunn í það sem framundan var í desember.

Gestir í Lækjarbotnum

Ýmsir hafa litið við í vetur í Lækjarbotna. Meðal annars þá kom Hartwig Homeyer en hann dvaldi í nokkra daga í október og kenndi stórum og smáum pappírslitina, origami. Tveir sirkuslistamenn, frá Ítalíu og Spáni voru í viku í janúar og fóru allir nemendur á námskeið sem lauk með sýningu í skólanum. Danskur farandvinnumaður Halfdan Runge, dvaldi einnig í skólanum í einn mánuð og vann ýmis verk á svæðinu, aðallega þó smíðavinnu, þáði fæði og húsnæði í laun og hélt svo áfram til Noregs til frekari starfa.

Frá skólasetningu Waldorfskólans



Úr garðinum síðsumars



Aðventugarðurur í desember



Kveðja frá Waldorfleikskólanum YI

Okkur í leikskólanum YI, finnst við vera mjög heppin að fá að vera hér í Seldal, umkringd hlíðum sem sjá okkur fyrir svo ótrúlega mörgu sem við notum í leik, starfi og til matargerðar. Í Lækjarbotnum erum við einstaklega tengd náttúrunni og árstíðunum. Við fylgjumst með því hvernig náttúran breytir um svip frá degi til dags, frá einni árstíð til annarar. Við leitum í okkar nánasta umhverfi fyrir hverja hátíð eða atburð í leikskólanum eftir efnivið í skreytingar, gjafir og í allt það sem til þarf. Síðla sumars fyllast brekkur og hlíðar af margskonar berjum og þá eru farnar ferðir í berjamó. Bláber og krækiber eru færð í hús og oftast er strax tekið til hendinni, gerðar sultur og annað góðmeti eins og saft og berjabökur. Það eru fleiri ber í hlíðunum og rétt fyrir Mikjálsmessu tínum við músarmulninga af sortulyngi og þræðum þau upp á bönd með nál og sem síðan eru hengd upp sem festar og bönd til skreytinga fyrir haustið og Mikjálshátíðina. Rautt og glansandi hrútaber er alltaf gaman að rekast á og hægur leikur að stinga einu upp í sig.

Skógrækt hefur verið stunduð í Seldal alveg frá því skólarnir voru stofnaðir og nú er hægt að nýta ýmislegt úr skóginum. Fyrir Mikjálshátíðina þurfa litlir mikjálsmiddarar lítil sverð og þá er haldið inn í skóg og litlar greinar fundnar í sverðin. Elsti árgangurinn tálgar sverðin og bindur saman meðan þau yngri þússa þau. Á þessum tíma eru líka týnd laufblöð sem notuð eru til skreytinga og í luktirnar sem gerðar eru fyrir Marteinsmessu, luktarhátíðina okkar í nóvember. Fyrir páska er arkað enn á ný í skóginn og teknar niður stórar greinar af öspum sem settar eru í vasa og látnar springa út. Þá fyllist leikskólinn af yndislegum ilm og svo er skreytt með eggjum og páskaskrauti. Í kringum páska er komið að því að huga að öðrum þætti sem er okkur mjög mikilvægur í Lækjarbotnum en það er matjurtargarðurinn.

Snemma á vorin byrjum við að sá litlum fræjum í þar til gerða potta sem fá að vera með okkur í leikskólanum. Börnin fylgjast svo spennt með þegar fyrstu spírunar kíkja upp úr moldinni og þegar réttur tími er kominn, þá eru þær gróðursettar í matjurtargarðinum. Við setjum niður útsæði og fleiri fræ beint í garðinn. Í sumarfríinu sjá fjölskyldurnar um að týna arfa og vökva garðinn og þegar leikskólinn hefst að nýju þá er hægt að gæða sér á uppskerunni og fram eftir hausti eru margar ferðir farnar til þess að taka upp gómsætt grænmeti. Börnin skola það og færa inn í eldhús eða bara borða það strax. Í ferðum okkar í matjurtargarðinn er alltaf skemmtilegt að kíkja inn í gróðurhúsið okkar sem er orðið að ótrúlegum ævintýraheim, fullum af blómum og matjurtum sem hægt er að fína beint upp í munninn eða í poka, sem síðar eru þurrkaðar og notaðar í te.

Effir nestisferð leikskólans



Að hausti



Eins og þið sjáið þá er ótrúlega margt hægt að nýta náttúruna okkar í og þó er ekki nærri allt upptalið. Þetta er okkur mikils virði og gefur okkur svo margt bæði í leik og starfi. Við trúum því og teystum að sú reynsla og þær upplifanir sem börnin fá, eigi eftir að dvelja í hjarta og hugum þeirra um ókomna tíð.

Hægt er að senda póst á: vinirwaldorf@gmail.com

Heimasíða samtakanna er: www.vinirwaldorf.is

Facebook síða samtakanna er: <https://www.facebook.com/vinirwaldorf/?fref=ts>

Hægt er að gerast meðlimur með því að senda póst á
vinirwaldorf@gmail.com eða fylla út mjög einfalt eyðublað á
www.vinirwaldorf.is